



Hestamannafélagið Jökull

Ársskýrsla æskulýðsnefndar

Veturinn 2023-2024

Hestamannafélagið Jökull

Hestamannafélagið Jökull var stofnað þann 1.júlí 2021. Félagið byggir á gömlum grunni sem lagður var af hestamannafélögunum Loga, Smára og Trausta. Starfssvæði félagsins nær yfir Skeiða og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð og Grímsnes og Grafningshrepp svo ljóst er að vinna þarf ötullega að því að ná til sem flestra á stóru svæði.

Markmið æskulýðsnefndar er að vinna að öflugum og fjölbreyttu æskulýðsstarfi og reyna að ná til þeirra sem vilja stunda hestamennsku sem keppnisíþrótt og líka sem félagsstarf og áhugamál. Með fjölbreyttu starfi reynum við eftir fremsta megni að stuðla að nýliðun meðal ungu knapanna okkar um leið og við gerum okkar allra besta í að halda vel utan um þá sem eru lengra komnir og upp í unglunga og ungmennaflokk.

Gott starf æskulýðsnefndar er gríðarlega mikilvægt því uppbygging og framtíð félagsins byggist á æskunni okkar.

Framkvæmdastjóri Jökuls er Oddrún Ýr Sigurðardóttir og formaður er Bragi Viðar Gunnarsson.

Æskulýðsnefnd 2023-2024

Kristín Sigríður Magnúsdóttir, Elin Moqvist, Guðbjörg Jónsdóttir, Guðrún Erna Þórisdóttir, Arna Þöll Sigmundsdóttir, Bára Másdóttir og Kristín Eva Einarsdóttir.

Kynningarfundur

Starfsárið hófst formlega í byrjun nóvember 2023 þegar nefndin hélt opinn kynningarfund. Farið var yfir líðandi starfsár og dagskráin framundan kynnt. Frábær vettvangur fyrir fólk að koma með hugmyndir og fræðast um starfið. Hestar voru á staðnum og gátu áhugasamir prófað að setjast á bak. Veitingar í boði félagsins og síðan var hlaupið og leikið í reiðhöllinni.



Haustreidnámskeið

Í samstarfi við fræðslunefnd var almennt reiðnámskeið með Ásdísi Ósk Elvarsdóttur opnað vönum börnum, unglíngum og ungmennum og þeim boðið að skrá sig. 45 mín paratímar nokkrum sinnum í október. Frábært start inn í tímabilið og greinilegt að eftirspurn eftir reglubundinni kennslu allt árið um kring er að aukast.

Knapamerki

Stjórn hestamannafélagsins Jökuls og æskulýðsnefnd hefur mikinn áhuga á að koma skipulagðri kennslu í hestamennsku sem valgrein inn í grunnskólana. Þetta verkefni fór af stað með krafti haustið 2022. Veturinn 2023-2024 voru hópar bæði á haust og vorönn. Bókleg og verkleg kennsla fer fram í reiðhöllinni á Flúðum. Verkefnastjóri er Oddrún Ýr Sigurðardóttir og sinnir hún einnig kennslu ásamt Maiju Varis.

Með þessu verkefni er krökkum sem ekki hafa beina tengingu í hestamennsku gefið færi á að kynnst íþróttinni á réttum forsendum sem eykur vonandi líkur á að þau kjósi að halda áfram að stunda íþróttina. Um leið bætir þessi kennsla einnig kunnáttu og færni þeirra sem eiga hesta og kjósa að taka knapamerki sem val í skólanum.

Með því að nám barna og ungmenna í hestamennsku sé valkostur í skólakerfinu skapast sterkari umgjörð sem stuðlar að markvissum vinnubrögðum við kennslu, námsmat, gerð námsgagna og um leið frekari útbreiðslu hestamenskunnar.



Bíókvöld

Ákveðið var að prófa að vera með bíókvöld í reiðhöllinni í nóvember þar sem allir krakkar væru velkomnir til að eiga notalega stund saman. Mjög góð þáttaka, allir komu með nasl og drykki að eigin vali og horfðu saman á mynd. Heppnaðist frábærlega og klárlega viðburður sem er kominn til að vera.

Heimsmeistaraheimsókn

Jón Ársæll Bergmann kom og átti notalega stund með okkur í lok nóvember. Jón Ársæl Bergmann þarf vart að kynna, tvöfaldur heimsmeistari, margfaldur íslandsmeistari og þannig mætti lengi áfram telja.

Hann kom með hryssuna Díönu frá Bakkakoti sem er til dæmis með 10 fyrir stökk í kynbótadómi, sem hann sýndi sjálfur. Erindið var persónulegt, fróðlegt og skemmtilegt.

Ótrúlega flottur hestamaður sem hefur af miklu að miðla.

Frábært fyrir krakkana okkar að sjá og heyra hvað metnaður og ódrepanði áhugi á hestum og hestamennsku getur skilað manni langt þrátt fyrir ungan aldur.



Fyrirlestrar fyrir lengra komna

Æskulýðsnefnd samdi við Hinrik Sigurðsson, reiðkennara, hesta-og knapahvíslara um þáttöku í rafrænni fyrirlestraröð sem hóf göngu sína í nóvember og stóð fram í apríl.

13 börn/unglingar/ungmennir tóku þátt í verkefninu sem voru samtals 10 fyrirlestrar um hin ýmsu málefni, m.a. atferli og skynjun, grunn og upphafspjálfun, gangtegundir, þjálfunarfræði, keppni og keppnisgreinar og hugarþjálfun. Mjög fróðlegt og uppbyggilegt enda Hinrik þekktur fyrir fallega nálgun og farsæla sögu við kennslu í reiðmennsku.

Að jafnaði voru fyrirlestrarnir hálfsmánaðarlega sem einnig jók á reglulega samveru utan venjulegrar reiðkennslu þar sem krakkarnir komu saman, hlustuðu og spjölluðu og áttu notalega kvöldstund.

Æskulýðsbikarinn

Á formannafundi LH haustið 2023 var hestamannafélaginu Jökli veittur Æskulýðsbikar LH sem er æðsta viðurkenning sem æskulýðsstarfi hestamannafélaga er veitt. Æskulýðsnefnd Jökuls er auðmjúk og þakklát fyrir þessa tilnefningu, þakklát fyrir traust og gott samstarf við stjórn, starfið búið að ganga vel, vera fjölbreytt og skemmtilegt og þessi viðurkenning svo sannarlega vel þegin sem klapp á bakið og til að efla nefndina enn frekar í komandi verkefnum.



Almennt reiðnámskeið

Í janúar var farið af stað með reglulega reiðkennslu og voru reiðtímar að jafnaði einu sinni í viku fram í maí þar sem allir krakkar sem höfðu aðgang að hesti og búnaði áttu kost á að taka þátt. Yfirskriftin var almennt námskeið í reiðmennsku og hestaskemmtun þar sem hægt var að skrá sig bæði í einkatíma eða hópatíma þar sem börnum var raðað í hópa eftir aldri og getu og verkefni og markmið hvers hóps sett út frá því. Áhersla lögð á samspil knapa og hests í bland við leiki, þrautir og fræðslu. Reiðkennari var Ásdís Ósk Elvarsdóttir. Þessi námskeið eru klárlega að festa sig í sessi og er þátttaka yfirleitt mjög góð enda mikil eftirspurn eftir reglubundinni reiðkennslu.

Vinadagur með smala

Hestamennska er ekki einföld íþrótt að byrja í og því er nauðsynlegt að huga vel að nýliðun, alltaf skemmtilegt að stækka hóp áhugasamra ungra knapa. Vinadagurinn fór þannig fram að allir krakkar á námskeiðinu máttu bjóða með sér vin í námskeiðstímann þeim að kostnaðarlausu. Í boði var að horfa á, prófa hest hjá þeim sem bauð eða koma með eigin hest og bætast við tímann. Sett var upp smalabraut og allir hjálpuðust að ásamt því að reiðkennari var á staðnum til að hjálpa og leiðbeina. Áhorfendur voru sérstaklega velkomnir þennan dag, allir sem vildu sjá duglega krakka og flottu aðstöðuna okkar.





Bling námskeið

Í febrúar fengum við Siggu Þjé til að koma og vera með geggjað BLING námskeið þar sem nemendur gátu útbúið sína eigin ennisól. Það er óhætt að segja að þetta námskeið sló í gegn og strax ákveðið að fá Siggu til að koma aftur til að létta á biðlista sem varð til eftir fyrra námskeiðið og einnig voru einhverjir sem fóru aftur og gerðu nefól í stíl við ennisólinu. Bæði kvöldin gátu áhugasamir skoðað og verslað allskonar hestatengdar vörur frá Litlu hestabúðinni þar sem Sigga kom klyfjuð af allskonar fallegum vörum með sér. Virkilega skemmtilegar kvöldstundir og knapar fóru glitrandi inn í tímabilið.

Meistarakvöld

Til stóð að bjóða börnum, unglingum, ungmennum og aðstandendum þeirra að koma saman og horfa á Meistaradeild Líflands, pylsur og nasl í boði og getraunaleikur.

Veðrið og önnur dagskrá var aðeins að gera okkur erfitt fyrir og einungis tókst að hittast einu sinni yfir mótaröðinni. Úr varð samt notaleg kvöldstund þar sem LANDSTÓLPI styrkti okkur með verðlaunum fyrir efstu þrjá „tipparana“. Þetta er verkefni sem við reynum áræðanlega aftur, skemmtileg samvera sem gæti opnað á líflegar umræður og miklar þælingar.



Fyrsta hjálp fyrir hestakrakka

Í mars stóð nefndin fyrir skemmtilegum viðburði þar sem við hittum Melkorku Rut Bjarnadóttur hjúkrunarfræðing sem fór yfir það helsta í fyrstu hjálp fyrir hestakrakka. Góð mæting var á viðburðinn, góð stemmning og krakkarnir mjög áhugasamir. Þau lærðu helstu atriði í fyrstu hjálp og hvernig það nýtist þeim í hestamenskunni ef eitthvað kemur upp á hjá þeim eða öðrum í kringum sig. Virkilega fróðlegt og nýtsamlegt inn í veturinn og framtíðina!

Þessi viðburður er orðinn fastur liður í vetrarstarfinu hjá okkur, enda aldrei of varlega farið og þörf áminning hvernig bregðast á við ef eitthvað kemur upp á.

Pollanámskeið

Vinsælu pollanámskeiðin voru að sjálfsgöðu á sínum stað fyrir þau allra yngstu þegar leið á veturinn. Þetta voru nokkrir virkilega skemmtilegir laugardags og sunnudagsmorgnar í mars, apríl og maí þar sem markmiðið var að hafa gaman, hlæja, brosa og gera sitt allra besta, stundum alveg sjálf og stundum með aðstoð foreldra. Í lokatímanum var búningapema, extra skemmtileg stemming þar sem allskonar fígúrir mættu til leiks, léku á allsoddi og fengu smá verðlaun í lok námskeiðs. Kennari var Oddrún Ýr Sigurðardóttir, reiðkennari og þroskaþjálfari.



Æska Suðurlands

Æska Suðurlands er mótaröð fyrir börn og unglínga og er samvinnuverkefni hestamannafélaganna Háfeta, Ljúfs, Sleipnis, Geysis og Jökuls. Mótadagar eru þrír og keppt er í tveimur greinum á hverju móti í hvorum flokki. Keppnisstaðir 2024 voru Flúðir, Selfoss og Hella. Virkilega skemmtileg mótaröð þar sem keppt er í fjölbreyttum greinum svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi! Árið 2024 var keppt í fjórgangi, þrígangi, smala, tölti, fimi, fimmgangi og hindrunarstökki. Ágætis þátttaka var á mótunum og átti Jökull allt í allt 14 flotta fulltrúa sem tóku þátt í þeim þremur aldurshópum sem boðið var upp á í mótaröðinni. Öll stóðu sig með mikilli þrýði og náðu sumir á verðlaunapall.

Mikill vilji er fyrir að halda þessu samstarfi um þessa mótaröð áfram og nú þegar er búið að funda og byrjað að undirbúa komandi tímabil.



Félagsmót og æfingadagar

Vetrarmótin voru á sínum stað líkt og fyrri ár, þó með aðeins breyttu sniði. Fjölbreyttari keppnisgreinar voru þennan veturinn og gafst krökkunum færi á að spreyta sig m.a. í tölti, fjórgang og fimmgang. Einnig var opið páskatölt í reiðhöllinni á Flúðum og svo firmakeppni. Þátttaka á félagsmótum er alltaf að aukast og má það eflaust að einhverju leiti þakka auknu skipulögðu æskulýðsstarfi, sérstaklega var ánægjulegt að sjá hversu góð þátttaka var í polla og barnaflokki.

Fyrir öll þessi mót sem og Æsku Suðurlands var boðið upp á æfingatíma í boði félagsins. Þar gafst krökkum tækifæri til að fá leiðsögn kennara og undirbúa sig fyrir þátttöku á þessum mótum. Allir gátu nýtt þessa æfingatíma, engin krafa var gerð um þátttöku á mótunum en þessir tímar ýttu klárlega undir þátttöku og juku sjálfstraust og öryggi krakkanna í að taka þátt ☺

Kennarar voru til skiptis Maiju Varis, Finnur Jóhannesson, Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Anna Kristín Friðriksdóttir.



Hrísholt



Sumarnámskeiðin í Hrísholti voru að sjálfsgöðu á sínum stað. Tvö sjálfstæð námskeið tvær síðustu vikurnar í júní. Á þessi námskeið þarf að koma með hest, hnakk og hjálm og að sjálfsgöðu góða skapið og stundum líka flugnanet eða pollagalla, stundum bæði... Reiðkennari annað árið í röð var snillingurinn Ingunn Ingólfssdóttir sem kom alla leið að norðan til að kenna. Hún lofaði góðri stemmningu og það var svo sannarlega raunin. Tæplega 40 börn í heildina sem létu hvorki flugur né rigningu slá sig út af laginu! Í lok hvorrar viku var svo grillpartý og reiðtúrar þar sem aðstandendur, því fleiri því betra skelltu sér með krökkunum og Ingunni í léttu reiðtúra. Þessi námskeið eru svo sannarlega stór partur af sumrinu og virkilega gaman að sjá frábæra þátttöku og hvernig reiðkennarar hverju sinni nýta svæðið til kennslu þegar það er ekki reiðhöll á staðnum.



Aftekshópur – leiðin á landsmót

Keppnismiðað námskeið fyrir börn, unglínga og ungmenni var haldið frá maí til lok júní þar sem boðið var upp á kennslu fyrir þá sem vilja bæta sig í keppni eða bara æfa sig og hestinn sinn með kennara. Frábært tækifæri til að æfa sig fyrir t.d Landsmót, íslandsmót eða gæðingamótið á Flúðum og fá leiðsögn til að byggja upp hestinn sinn fyrir mót framtíðarinnar.

Kennarar voru Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Finnur Jóhannesson.



Landsmót í Reykjavík 2024

Úrtaka Jökuls fór fram á Rangárbökkum 6.-9. Júní í samstarfi með Geysi, Sindra, Kóp og Glæsi. Fulltrúar Jökuls í yngri flokkum á landsmóti voru:

BARNAFLOKKUR: Álfheiður Þóra Ágústsdóttir, Emma Rún Sigurðardóttir, Hrói Bjarnason Freyjuson, Svava Marý Þorsteinsdóttir og Egill Freyr Traustason.

UNGLINGAFLOKKUR: Bianca Olivia Söderholm, Hildur María Jóhannesdóttir, Friðrik Snær Friðriksson, Kristín María Kristjánsdóttir, Magnús Rúnar Traustason og Sigríður K. Kristbjörnsdóttir.

UNGMENNAFLOKKUR: Þórey Þula Helgadóttir, Þorvaldur Logi Einarsson, Sigrún Högna Tómasdóttir, Svana Hlín Eiríksdóttir, Iris Cortlever, Gioia Selina Kinzel og Margrét Bergsdóttir.

Virkilega flottir krakkar sem náðu frábærum árangri og kynntu félagið sitt með stolti og sóma, fulltrúar frá Jökli í milliriðlum og A eða B úrslitum í öllum flokkum.



Gæðingamótið á Flúðum ofl...

Gæðingamót var svo haldið 25-28. júlí á Flúðum og er mótið algjörlega búið að festa sig í sessi sem eitt af stærri mótum sumarsins. Jökull átti þar að sjálfsgöðu glæsilega fulltrúa sem náðu góðum árangri.

Einnig var gaman að sjá hversu margir krakkar létu sig varða að hjálpa til á mótinu, hvort sem það var að sjá um hliðvörslu, vinna í sjoppunni, rita hjá dómurum eða annan tilfallandi. Margar hendur vinna létt verk og mikilvægt að læra að mótahald er mikil vinna og allir geta lagt eitthvað af mörkum 😊



Jökull átti einnig mjög frambærilega fulltrúa í yngri flokkum á mörgum af stærri mótum sumarsins. T.d. á WR íþróttamóti Sleipnis, WR íþróttamóti Geysis, WR Reykjavíkurmeistaramóti Fáks og Íslandsmótum. Fulltrúa Jökuls mátti einnig finna í meistaradeild æskunnar og meistaradeild ungmenna svo eitthvað sé nefnt. Einnig áttum við einn fulltrúa, Magnús Rúnar Traustason á FEIF Youth Cup í Sviss. Frábært tækifæri til að kynnast hestamennsku annarra þjóða, auka skilning á menningarlegum mun okkar í nálgun á hestinum og að hitta ungt fólk með sama áhugamál.



Miðengi og Vallamót

Reiðnámskeið fyrir börn var haldið í Miðengi dagana 11. - 14. ágúst og voru þátttakendur 18 að þessu sinni á aldrinum 4 ára - 15 ára og skemmtu allir sér afar vel. Kennari að þessu sinni var Thelma Dögg Tómasdóttir.

Á fimmtudagskvöldi fjölmenntu þátttakendur ásamt fjölskyldum sínum í fjölskyldureiðtúr frá fjárréttinni ofan við Laugarvatn og var riðið í Kringlumýri þar sem var slegið upp pylsugrillveislu og svo var gíst í skálanum.

Þessi viðburður er alltaf jafn vinsæll og er orðinn ómissandi hluti af ágústmánuði. Vallamótið var svo auðvita á sínum stað í kjölfar námskeiðsins í Miðengi eins og vanalega, bráðskemmtilegur viðburður sem alltaf er vel sóttur.



Lokaorð og þakkir

Mikill uppgangur hefur verið í starfi félagsins síðustu ár og enginn bilbugur er á æskulýðsnefnd. Vetrarstarfið er að taka á sig mynd og hlökkum við til að takast á við ný verkefni í félaginu okkar sem vonandi heldur áfram að stækka og dafna. Mikill áhugi er meðal yngri kynslóðarinnar í félaginu og gott æskulýðsstarf er hverju félagi nauðsynlegt því krakkarnir eru jú framtíð félagsins. Við stefnum á að halda áfram að byggja ofan á fjölbreytt starf og bjóða upp á námskeið, fræðslu og skemmtun fyrir eins breiðan hóp og mögulegt er.

Við erum auðvita hrikalega stolt af krökkunum okkar sem standa sig vel hvar sem þau koma og eru okkur og félaginu til mikils sóma.

Við höfum einnig verið sérlega lánsöm með að hafa aðgang að frábæru fólki, reiðkennurum, foreldrum og öðrum félögum sem hafa hjálpað til við að gera gott starf að veruleika og viljum við nota tækifærið að lokum og segja stórt TAKK til allra sem lagt hafa starfinu lið og sérstaklega til krakkanna fyrir að taka þátt.

Við hlökkum til og horfum jákvæð til framtíðar og þeirra verkefna og viðburða sem framundan eru.

Áfram Jökull !

